

## Deildarnámskrá 2016-2017



### Vogasetur

Sérdeild fyrir nemendur með röskun á  
einhverfurófi í Vogaskóla

Sérdeild fyrir börn með einhverfu var stofnuð í Vogaskóla haustið 2011. Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu og styðja við nám nemenda í almennu skólstarfi. Deildin rýmir 7 nemendur. Hún er ein fimm sérdeilda fyrir börn með einhverfu í grunnskólum í Reykjavík en hinar fjórar eru í Fellaskóla, Foldaskóla, Háaleitisskóla og Langholtsskóla. Núverandi húsnæði er á efri hæð skólans. Lyfta er í húsinu. Deildin starfar samkvæmt deildarnámskrá og er hluti af skólanámskrá skólans og aðalnámskrá.

Sækja þarf formlega um inngöngu í deildina. Með umsókninni þarf að fylgja staðfest greining á að barnið sé með dæmigerða einhverfu. Sérstakt inntökuteymi fjallar um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku, í samráði við skóla- og frístundasvið. Umsóknarfrestur er 1. mars og ber að skila umsóknum til Skóla- og frístundasviðs, Borgartúni 12-14.

[http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulyksingar/umsokn\\_nytt.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulyksingar/umsokn_nytt.pdf)

Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá því í júní 2010 er markmiðið m.a. að nemendur fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar. Að nemendur fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Allir nemendur sérdeildarinnar eru skráðir í almenna bekki og er stefnt að því að nemendur deildarinnar taki eins mikinn þátt í almennu skólstarfi og kostur er.

Umsjónarkennari barnsins og umsjónarkennari bekkjarins hittast tvisvar á önn eða oftari ef þurfa þykir. Farið verður saman yfir námsáætlun barnsins og bekkjaráætlun til að finna sem besta leið til að blanda barninu inn í bekk og fá öfuga blöndun bekkjarfélaga inn í deildina.

Umsjónarkennari bekkjar mætir á foreldrafundi með aðstandendum barns tvisvar til þrisvar á vetri.

### ***Skipulögð kennsla (TEACCH)***

Starfsumhverfi Vogaseturs byggist á hugmyndafræði um skipulagða kennslu eða TEACCH (*Treatment and education of autistic and related communication handicapped children*).

Hér er um að ræða alhliða þjónustulíkan fyrir nemendur með röskun á einhverfurófi og fjölskyldur þeirra. Lögð er áhersla á einstaklingsmat og út frá því er smíðuð þjálfun og kennsluáætlun þar sem markvisst er unnið með styrkleika og þá þætti sem styrkja færni, sjálfstæði og áhuga einstaklingsins. Með því að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, vinnukerfi, sjónrænt boðskiptakerfi og veita yfirsýn yfir það sem er í vændum, hefur áhrifamikil leið verið fundin til að auka færni barna með röskun á einhverfurófi og gera þau færari um að framkvæma

hluti án stuðnings. Markmiðið er því að nemendur geti unnið eins sjálfstætt og unnt er.

Einstaklingur með röskun á einhverfurófi líður betur í góðu sjónrænu skipulagi og þeir eru einnig líklegri til að skilja og fylgja sjónrænum fyrirmælum fremur en munnlegum. Gott skipulag eykur líka öryggi og sjálfstraust þeirra.

Lögð er áhersla á að hugmyndafræðin um skipulagða kennslu sé ljós og að einstaklingsáætlun beri þess merki með markmiðum og leiðum og jafnframt að stöðugt endurmat á árangri kennslu sé framkvæmt. Mikilvægt er að barninu sé mætt á því þroskastigi sem það er statt og er því mikilvægt að taka mið af styrkleikum og áhugasviði barnsins og nálgast þannig þá veikleika sem eru til staðar.

### ***Stundatöflur***

Hver nemandi fær heim sína einkatöflu, bæði á lesmáli og myndræna töflu svo hann geti betur áttað sig á því sem framundan er hvern dag. Gott getur verið fyrir nemandann að fá heim renninga af myndrænni töflu þar sem aðeins einn dagur er á hverjum renning, það afmarkar betur hvað komandi dagur ber í skauti sér. Í skóla á hver nemandi sína myndrænu veggstöflu fyrir einn dag í senn.

### ***Upphaf og endir hvers dags***

Það eykur á öryggi nemenda að hafa fastar reglur sem móta upphaf og endi skóladagsins. Nemendur byrja daginn inn í deild með að skoða töfluna sína og fara í þau verkefni sem bíða þeirra. Lögð er áhersla á að enda alla dagana eins, t.d. með samveru og söng. Í lok samveru er skóladegi formlega slitið og þakkað fyrir daginn.

### ***Einstaklingsnámskrár***

Allir nemendur deildarinnar hafa einstaklingsnámskrá sem unnin er af fagfólki deildarinnar í samráði við foreldra þeirra. Haft er til hliðsjónar almenn námskrá þess aldurshóps sem nemandinn tilheyrir en auk þess er horft á getu, óskir og þarfir nemandans svo og óskir foreldra.

Í einstaklingsnámskrá koma fram bakgrunnsupplýsingar um viðkomandi nemanda, staða hans í námi, upplýsingar um skipulag kennslu í kringum nemandann. Í einstaklingsnámskrá kemur einnig fram markmið, leiðir til að ná áætluðu markmiði og námsmat.

Einstaklingsnámskrár eru í stöðugri endurskoðun og geta því breyst að einhverju leyti með stuttu millibili.

Formlegt námsmat er sent heim í lok hvorrar annar en námsmat getur verið með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi getur nemandi tekið sama próf og bekkjarfélagar. Í öðru lagi getur nemandi tekið stjórnmerkt próf þar sem hann fær til að mynda lengri próftíma, aðstoð við ritun eða lestur fyrir mæla. Í öðru lagi getur nemandi tekið einstaklingsmiðað próf þar sem unnið er út frá áherslum í einstaklingsáætlun. Í fjórða lagi gefa kennarar sérdeildar nemanda umsögn um frammistöðu út frá áherslum í einstaklingsáætlun.

### ***Nám og kennsla í sérdeild og í umsjónarbekkjum nemenda***

Í sérdeildinni á hver nemandi sitt vinnusvæði þar sem námsgögn hans eru geymd og hann vinnur að sínum verkefnum í sjálfstæðri vinnu. Vinnusvæði nemenda er skipulagt með þörfum þeirra í huga og skal hvetja til sjálfstæðra vinnubragða.

### ***Blöndun í bekk***

Nemendur deildarinnar blandast inn í heimabekk sinn eftir því sem unnt er. Sumir eru mikið inni í bekk og vinna að svipuðum verkefnum og bekkjarfélagarnir, með þeirri aðstoð sem þeir þurfa. Aðrir fara aðeins í heimsóknir með sér verkefni og er blöndunin fyrst og fremst félagslegs eðlis. Nemendur deildarinnar blandast einnig með bekkjarfélögum sínum í smiðjum (sérgreinum) eftir því sem hver og einn er fær um.

### ***Öfug blöndun***

Með öfugri blöndun er átt við þegar 1 eða fleiri nemendur úr umsjónarbekk koma og leika við, vinna með nemendum í deildinni, og/eða skapa eitthvað saman. Tilgangurinn er að örva og styrkja félagsleg tengsl milli nemenda deildarinnar og bekkjarfélaga þeirra.

### ***Hreyfing***

Nemendur í deildinni eru í íþróttum tvisvar í viku, sundi einu sinni í viku og því í hreyfipjálfun allt skólaárið. Lögð er áhersla á sérpjálfun hvers og eins.

### ***Söngur á sal***

Einu sinni í viku safnast nemendur í 1. – 7. bekk á sal og syngja. Þetta eru ánægjulegar gæðastundir og hafa flestir nemendur deildarinnar gleði af að taka þátt í þessum stundum. Þá blandast nemendur sérdeildar saman við aðra nemendur skólans, ekki bara bekkjarfélaga, og þeir læra að vera með í stærri hópi.

### ***Frímínútur***

Allir nemendur sérdeildar fara í frímínútur út á leikvöll ásamt öðrum nemendum skólans. Þá gefst tækifæri til að leika við önnur börn í frjálsum leik. Sérstök gæsla er á nemendum og er sú gæsla í höndum starfsmanna sérdeildar. Starfsmenn fylgja ákveðnu gæsluskipulagi þar sem tilgreint er hver ber ábyrgð á hvað nemanda. Starfsmaður sérdeildar sér til þess að:

- vera ábyrgur fyrir þeim nemanda/nemendum sem hann fylgir út.
- missa ekki sjónar af nemanda/nemendum frá skólastofu og út, á leiksvæði og inn í skólastofu aftur.
- kalla eftir aðstoð annarra starfsmanna skólans á útivakt ef hann verður vitni að t.d. árekstrum milli annarra nemenda en sérdeildar. Hann fer aldrei frá sínum nemendum.

### ***Samstarf***

#### ***Foreldra- og teymisfundir***

Foreldrafundir með kennara nemandans eru að jafnaði 2 sinnum á önn eða oftár ef þurfa þykir. Teymisfundir skal að jafnaði hafa einu sinni á önn (september og janúar) eða eftir þörfum. Á fundinum eru boðaðir foreldrar, umsjónaraðilar frá skóla, fulltrúi frá stjórn skólans, umsjónaraðilar frá frístundastarfi, umsjónaraðilar frá skammtímvistun og hugsanlega aðrir sem tengjast nemandanum s.s. stuðningsfjölskylda. Fundinn boðar umsjónarkennari nemandans í deildinni í samráði við foreldra.

Þegar um er að ræða barn með sérþarfir er gott samstarf og upplýsingamiðlun á milli heimilis og skóla forsenda þess að vel takist til með nám barnsins. Einnig er mjög mikilvægt að kennarar og annað fagfólk beri saman bækur sínar og starfi saman. Reglulegir teymisfundir eru mikilvægir þar sem upplýsingum er miðlað og byggð upp samvinna milli heimilis og ólíkra fagaðila.

#### ***Samskiptabækur / tölvupóstur***

Samskiptabækur fara á milli heimilis, skóla, frístundar og skammtímvistunar. Er það gert til að upplýsingaflæði og skilaboð eigi greiða leið til allra sem hafa með barnið að gera.

Tölvupóstur getur gert sama gagn og bækurnar þar sem það hentar betur.

Fréttabréf deildarinnar er sent heim í tölvupósti í lok hverrar viku. Í bréfinu kemur fram það helsta sem hefur verið á döfinni þá vikuna og það sem framundan er.

### ***Akstur***

Nemendur deildarinnar stendur til boða akstur til og frá skóla en það er í höndum Ferðaþjónustu Strætó.

### ***Frístundaheimili***

Nemendum í 1. – 4. bekk stendur til boða að sækja lengri viðveru í frístundaheimilinu Vogaseli. Vogasel er staðsett á lóð Vogaskóla.

Nemendum í 5. – 7. bekk stendur til boða að sækja Frístundaklúbba fyrir börn með sérþarfir.

Yfirlit yfir frístundaklúbbana á höfuðborgarsvæðinu:

[Frístundaklúbburinn Hofið](#) þjónustar börn og unglunga úr almennum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu vestan Elliðaána.

[Frístundaklúbburinn Höllin](#) í Grafarvogi þjónustar börn og unglunga í Grafarvogi og Grafarholti.

[Félagsmiðstöðin Hellirinn](#) í Breiðholti þjónustar börn og unglunga í Árbæ, Norðlingaholti og Breiðholti.